

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 132/792
komudagur 9.2.2006

Reykjavík, 07.02.2006

Tilv. 90.13

JS/sv

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um fiskverndarsvæði við Ísland, 52. mál, 132. löggj.þing 2005-2006.

Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar dags. 27. janúar 2006 varðandi ofangreint málefni.


Á undanförunum árum hefur verið vaxandi umræða um að líta til þess við stjórn fiskveiða að beita samhliða fleiri en einni aðferð. Hér er átt við að auk almennara afla- eða sóknartakmarkana verði veiðar jafnframt takmarkaðar með víðtækum svæðalokunum og settar strangari reglur um gerð og kjörhæfni veiðarfæra. Markmið með svæðalokunum getur verið tvíþætt. Annars vegar að auka afrakstur nytjastofna til lengri tíma litið. Hins vegar að vernda ákveðin skilgreind búsvæði og/eða líffræðilegan fjölbreytileika. Þessi tvö sjónarmið geta farið saman en geta einnig stangast á.

Hér við land eru þegar í gildi umfangsmikið net fiskverndunarsvæða sem miða að því að ná fyrra markmiðinu, þ.e.a.s. að auka afrakstur fiskistofna, en hafa einnig verið sett til að draga úr hagsmunaaárekstrum á milli bótaflokka og byggðarlaga. Seinna markmiðinu hefur enn lítið verið sinnt hér við land en þó rétt að minna á lokun viðkvæmra kóralsvæða.

Hægt er að ná markmiðum um aukin afrakstur með svæðalokunum með þrennum hætti: Auka vernd á ungvíði með lokun uppeldissvæða, lokun hrygningarsvæða eða lokun stórra veiðisvæða með því markmiði að draga úr heildarsókn. Hér við land hefur tekist betur en víðast annars staðar að stýra veiðum undanfarna áratugi án þess að til stórlegrar ofveiði hafi komið þó enn betur hefði mátt gera með hóflegri sókn eins og stofnunin hefur ítrekað bent á. Þó lokanir veiðisvæða um skemmri eða lengri tíma, hafi haft hér sín áhrif, hefur hér á landi ekki verið sérstaklega litið til slíkra ráða.

Ljóst er þó að markmiðum fiskveiðistjórnunar hefur ekki verið náð að fullu, hver svo sem skýringin er, og því rétt að skoða af alvöru allar leiðir sem hugsanlega geta tryggt betri árangur við stjórn veiða og nýtingu fiskistofna. Umrædd þingsályktunartillaga miðar að þessu marki. Eðlilegast væri e.t.v. fyrst að greina með skipulegum hætti árangur af þeim lokunum sem í gildi hafa verið og kanna til hlýtar reynslu erlendis af slíkum aðgerðum. Næsta skref væri að hefjast handa við greiningu svæða sem hugsanleg væru í þessu tilliti þar sem markmið væru vel skilgreind og aðferðafræði við að meta árangur lægi fyrir.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is